

Sp.

614. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 og við brtt. á þskj. 582.

- I. Frá fjármálaráðherra.
 1. Við 2. gr. 6. (Gjald af innlendum tollvörum).
Fyrir „2 000 000“ komi 3 000 000
 2. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlun ríkisins, tekjur).
Fyrir „41 946 680“ kemur 45 946 680
- II. Frá Páli Zóphóniassyni.
Við brtt. 582, XVI. (22. gr. XIV. Nýr liður).
Á eftir orðunum „nr. 44 frá 1946 bætist: svo og sams konar húsum, pöntuðum 1946 og komnum til landsins á árinu 1947.
- III. Frá atvinnumálaráðherra.
Við 22. gr. XXIII. Nýr liður.
Að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað lán, allt að 2 millj. króna, þó ekki yfir 85% stofnkostnaðar, til þess að standast kostnað við kaup og uppsetningu á seinni vélasamstæðu Fljótaárorkuversins og til þess að ljúka við orkuverið og innanbæjarveitu í Siglufirði, enda samþykkir Alþingi jafnframt, að þessa stækkun raforkuvers Siglufjarðarkaupstaðar megi framkvæma.
- IV. Frá fjármálaráðherra.
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður.
Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.